

Ed.

482. Nefndarálit

um frv. til l. um nýjan veg milli Hafnarfjarðar og Suðurlandsbrautar.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefir rækilega kynnt sér þetta mál, m. a. rætt það við vegamálastjóra. Einnig við þingmann Hafnarfjarðarkaupstaðar, flutningsm. frv.

Vegamálastjóri hefir sent nefndinni ýtarlega skýrslu og kostnaðaráætlun um nýjan veg milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur. Fer hér á eftir útdráttur hans sjálfs úr þeirri skýrslu:

„Nýr vegur myndi liggja af Suðurlandsbraut skammt vestan við Elliðaárbrýr, og er hann að lengd 9,76 km., en samtals er leið þessi milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar 13,8 km., en núverandi vegur er aðeins 10,2 km.

Kostnaðaráætlun er gerð um 5,5 m. breiðan veg með slitlagi af ýmsri gerð, og er hún þannig:

1.	Púkkaður, með slitlagi úr mól (malarvegur)	kr. 318000.00
2.	—————,————— bikblöndu	— 514000.00
3.	—————,————— biksteypu	— 806000.00
4.	—————,————— járnbentri steinsteypu	— 953000.00

Sjálfur vegurinn undir slitlagið er áætlaður að kosta 270 þús. kr. Er það því slitlagið, sem mestu ræður um kostnaðinn, en því vandaðra, sem slitlagið er, því ódýrara verður árlegt viðhald vegarins; hinsvegar koma hér á móti vextir og afborganir af kostnaði, sem vitanlega hækka í réttu hlutfalli við kostnaðinn. Þá ber og réttilega að taka til greina, að flutningskostnaður er þeim mun lægri, sem vegurinn er betri. Veltur því mjög á umferðinni, hve miklu má kosta til slitlagsins frá almennu fjárhagssjónarmiði. Lítil umferð verður að una við óvandaðan veg, en mikil umferð réttlætir, að lagt sé fé í vandað og dýrt slitlag. Samkvæmt erlendri reynslu má telja að þessu leyti hagkvæmt að notast við malarlitlagið, sem er ódýrast þar til umferðin er orðin um 500 bifreiðar á dag, þar sem sæmilega góð aðstaða er að ná í slitmól, eins og telja má að sé á þessari leið. Hinsvegar verður vandað slitlag nokkru dýrara hér á landi og vextir eru hér hærri en víða í öðrum löndum. Má því naumast vænta, að hagkvæmt sé að gera hér á landi vandað slitlag fyrir minni umferð en talið er erlendis.

Samkvæmt talningu, er nokkrum sinnum hefir verið gerð á umferð um Hafnarfjarðarveg, síðast haustið 1930, má telja, að daglega hafi þá farið um hann að meðaltali 300 bifreiðar. Síðan hefir umferðin vaxið nokkuð og er samkvæmt talningu nú síðustu daga líklega hátt á 400 bifreiðar að meðaltali. Þarf því umferð enn að vaxa nokkuð áður en fjárhagslega verður talið hagkvæmt að kosta til vandaðs slitlags. En umferðin er sívaxandi og verður þessa því ekki langt að biða. Jafnframt því, sem lagður yrði vandaður vegur til Hafnarfjarðar, eða áður, þarf að leggja vandað slitlag á þann kafla Suðurlandsbrautar, sem leið þessi liggur um og er rúmir 3 km. á lengd. Myndi það kosta frá 80—220 þús. kr., eftir því hve til þess er vandað, en umferð um þann kafla er nú nálægt því helmingi meiri en um Hafnarfjarðarveg, og er því þegar komið að því, að hagkvæmt væri og mjög æskilegt að geta endurbætt þennan kafla þannig, en verður vitanlega enn frekar nauðsyn, ef Hafnarfjarðarumferðin bætist á hann.

Vegna þess hve nýja leiðin til Hafnarfjarðar er miklu lengri en núverandi vegur (3,6 km.), getur ekki verið hagkvæmt að leggja í þá breytingu, nema ný vegurinn verði svo miklu betri, að flutningsgjöld þurfi ekki að hækka, og helzt lækki nokkuð, þrátt fyrir hve miklu lengri hann er. En það geta þau ekki gert nema lengri vegurinn, og sérstaklega slitlagið, sé þeim mun sléttara, eða eins og hér stendur á annaðhvort malbikað eða steipt. Þó að visu þessi nýja leið yrði nokkru hallaminni en núverandi vegur, þá er langt frá því, að svo verulegur sparnaður yrði fyrir bifreiðarnar, að nokkru nemi móts við muninn á

og smátt og þannig dreifa kostnaðinum á mörg ár, en nýja veginn yrði að fullgera á tiltölulega stuttum tíma, þá verður hvorki talið rétt eða hagkvæmt frá fjárhagssjónarmiði að leggja nýjan veg til Hafnarfjarðar, heldur ber að nota núverandi veg og gera á honum ýmsar endurbætur eftir því, sem umferðin vaxi.

Samgöngumálanefnd fellst á ástæður og tillögur vegamálastjóra, þær er að framan greinir, og leggur því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 20. apríl 1932.

Páll Hermannsson,
form., frsm.

H. Steinsson,
fundaskr.

Ingvar Pálmason.